

# Tillaga að

# REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Samherji fiskeldi ehf.  
Kennitala: 610406-1060  
Aðsetur: Glerárgötu 30  
600 Akureyri  
Starfsstöð: Núpsmýri, Öxarfirði  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1142  
Leyfið gildir til: XX.XX.2036

## Starfsemi:

AE 1 - Lax / Salmo Salar

AE 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus

SS 1 - Lax / Salmo Salar

SS 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus

## Í gildi frá:

xx.xx.2020

xx.xx..2020

xx.xx..2020

xx.xx.2020

Landeldi. Hámarkslífmassi 3.000 t. Seiðaeldi og matfiskeldi. Lax: SAGA stofn.  
Bleikja: Hólar

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.*

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.*

*Rekstrarleyfishafi ber skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva. Rekstrarleyfishafa er skylt að notast við utánálíggjandi merkingar á eldislaxi í sjókvíaeldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fiskeldi.*

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur*

*Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.*

*Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.*

---

*Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis*